

Hr. Bjarni Benediktsson  
Fjármála- og efnahagsráðherra  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. mars 2020

**Efni: Afturköllun tillögu um sölumeðferð á að lágmarki fimmtungs hlut í Íslandsbanka hf.**

Með erindi dags. 4. mars 2020 lagði Bankasýsla ríkisins fram tillögu til fjármála- og efnahagsráðherra, í samræmi við ákvæði i. og j. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins, sbr. einnig ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 155/2012 um sölumeðferð eignarhluta ríkisins í fjármálfyrirtækjum, um að selja að lágmarki fimmtungshlut í Íslandsbanka í samhliða söluferli. Um frekari rökstuðning fyrir tillöggunni vísaði stofnunin í stöðuskýrslu sína: *Eignarhald og sala á Íslandsbanka hf.: Stöðuskýrsla varðandi fyrirhugaða sölumeðferð*. Í ljósi mikið breyttra aðstæðna í tengslum við aðgerðir ríkja heims í baráttu við COVID19 veiruna og verulegrar óvissu í efnahagsmálum ákvað stjórn Bankasýslu ríkisins á fundi þann 12. mars sl. að afturkalla tillöguna.

Við afhendingu tillögunnar ákvað Bankasýsla ríkisins í samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið að bíða með opinbera birtingu tillögunnar til að samhæfa kynningar ásamt því að klára vinnu við enskar þýðingar. Aftur á móti í ljósi afturköllunar og með vísan í markmiða laga nr. 88/2009 um tryggja gagnsæi í allri ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings verður tillagan, afturköllun og stöðuskýrslan birt með opinberum hætti á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar



Lárus L. Blöndal,  
formaður stjórnar